

SAMÞYKKT

um stjórn sameinaðs sveitarfélags Eskifjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Reyðarfjarðarhrepps og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Skipan bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn er skipuð 11 bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn fer með stjórn sameinaðs sveitarfélags Eskifjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Reyðarfjarðarhrepps skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bærinn taki að sér verkefni sem varða íbúa bæjarins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Meðal verkefna bæjarstjórnar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarins skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins og ráða bæjarstjóra og helstu starfsmenn bæjarins skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
5. Að upplýsa bæjarbúa um störf bæjarstjórnar og málefni bæjarins með útgáfu fréttabréfs og með því að halda almenna borgarafundi. Þá skulu bæjarbúar eiga þess kost að gerast áskrifendur að fundargerðum bæjarstjórnar gegn hæfilegu endurgjaldi.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarfélagsins.

7. gr.

Þriggja ára áætlun.

Árlega skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins. Skal áætlunin vera rammi um árlega fjárhagsáætlun bæjarins og skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Áætlunina skal senda til félagsmálaráðuneytisins strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnar.

8. gr.

Afgreiðsla fjárhagsáætlunar.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og -stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn, sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæðu fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

Áætlunina skal senda til félagsmálaráðuneytisins strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnar. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga.

9. gr.

Fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöld séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn. Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Endurskoðun fjárhagsáætlunar.

Bæjarstjórn er heimilt að endurskoða fjárhagsáætlun. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá fyrir bæjarstjórnarfund.

11. gr.

Afgreiðsla ársreikninga.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert skv. 72. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 67. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna. Viðurlög skv. 4. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu bæjarstjórnar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnar.

12. gr.

Fundartími bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi 1. og 3. fimmtudag hvers mánaðar. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar og skylt er að halda aukafundi í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess.

13. gr.

Fyrsti fundur nýkjörinnar bæjarstjórnar.

Sá kjörinn fulltrúi sem á að baki lengsta setu í bæjarstjórninni kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar og stýrir fundi þar til forseti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í bæjarstjórn átt jafnlengi setu í bæjarstjórninni fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari grein.

14. gr.

Boðun bæjarstjórnarfunda.

Bæjarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórn ekki gert það. Bæjarbúum skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

15. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfunda.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar svo og kosningar eða ráðningar bæjarstjóra og annarra fastra starfsmanna bæjarins.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins ef eða að svo miklu leyti sem bæjarstjórn þarf að samþykkja ályktanir sem í þeim felast, sbr. 60. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

16. gr.

Boðsending fundarboða.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

17. gr.

Boðun aukafunda.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund. Heimilt er þó að boða aukafund með styttri fyrirvara ef aðkallandi mál bíður afgreiðslu, enda sé hann boðaður með dagskrá.

18. gr.

Kosning forseta og varaforseta bæjarstjórnar.

Sá kjörinn fulltrúi í bæjarstjórninni sem á þar lengsta setu, setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn. Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu. Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málslíði hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti. Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti forsetastörfum nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra. Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

19. gr.

Kjör skrifara.

Bæjarstjórn kys tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

20. gr.

Fundarstaður.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks. Meðan ákvæði 1. málslíðar er ekki fullnægt skal bæjarstjórn sjá til þess að fatlað fólk fái nauðsynlega aðstoð æski það að hlýða á bæjarstjórnarfund. Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir. Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum, s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn. Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

21. gr.

Lögmæti bæjarstjórnarfunda.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Fundarstjórn.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi

Þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum. Skjóta má ákvörðun forseta til úrlausnar bæjarstjórnar.

23. gr.

Afgreiðsla dagskrármála á fundi.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað. Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slík afbrigði.

24. gr.

Afgreiðsla mála, tvær umræður.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins.
2. Ársreikninga bæjarins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Fundarsókn, varamenn.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalfulltrúar þess lista sem þeir eru kosnir af falla frá, flytjast burtu eða forfallast varanlega á annan hátt eða um stundarsakir frá því að sitja í bæjarstjórn. Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi. Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveði sér hljóðs á bæjarstjórnarfundum.

26. gr.

Fundarsköp, málfrelsi.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala.

27. gr.

Fundarsköp, takmarkanir á málfrelsi.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarra nefnda, ráða eða stjórna skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar

hann óskar að ræða. Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls. Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða, sbr. 15. gr. samþykktar þessarar. Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

28. gr.

Fundarsköp, vítur á bæjarfulltrúa.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigsalum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi, sem vítur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur mál-frelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

29. gr.

Fundarsköp, takmarkanir á ræðutíma.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

30. gr.

Fundarsköp, meðferð tillagna.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávisunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

31. gr.

Fundarsköp, afgreiðsla mála.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

32. gr.

Fundarsköp, atkvæðagreiðsla.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð. Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af

útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu. Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

33. gr.

Fundarsköp, úrslit atkvæðagreiðslu.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti fellur það. Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna. Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar, sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

34. gr.

Fundarritun – fundargerð.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerðar í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Heimilt er að skrá fundargerðir í tölvu. Sé það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða, sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð.

Í lok fundar skal fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti bæjarstjórnar og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða, sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál. Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í bæjarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar. Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarfulltrúi sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði. Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

35. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfunda.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Fundarseta.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmet forföll hamli, sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá, sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

37. gr.

Lausn úr bæjarstjórn.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

38. gr.

Málfrelsi, tillöguréttur, atkvæðisréttur.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari. Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, s.s. fjárhagsáætlun eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

39. gr.

Hagsmunir bæjarins.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

40. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum, skjölum og öðrum gögnum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

41. gr.

Þagnarskylda.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

42. gr.

Vanhæfi bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarfulltrúar eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn bæjarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórn eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórn fjallar um málið.

Ákvæði 3. mgr. á ekki við þegar bæjarstjórn fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarfélagsins.

Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli á því. Bæjarfulltrúa er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarfulltrúa sé vanhæfur. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

43. gr.

Þóknun.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar. Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur samkvæmt þessari grein.

44. gr.

Orlof og fundartími.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega, sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

45. gr.

Fjarvera vegna veikinda, varamenn.

Þegar bæjarfulltrúi, sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, getur ekki sótt bæjarstjórnarfund/fundi tímabundið skal varamaður taka sæti hans í þeirri röð sem hann var kosinn, sbr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

46. gr.

Varamenn.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem sitja bæjarstjórnarfundum.

V. KAFLI

Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

47. gr.

Kosning í bæjarráð, ráð, nefndir og stjórnir.

Bæjarstjórn kys fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess. Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

48. gr.

Kosning í bæjarráð.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð. Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með

málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð. Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila, sem bæjarfulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann, að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt.

Skýlt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila, sem sæti á í bæjarstjórn, kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa, sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

49. gr.

Fundartími bæjarráðs.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund þrisvar í mánuði á mánudögum frá kl. 16.00. Aukafund skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

50. gr.

Undirbúningur og boðun bæjarráðsfunda.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með dagskrá a.m.k. sex klukkustundum fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

51. gr.

Kosning formanns og varaformanns bæjarráðs.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilkynnt í dagskrá. Þó er skýlt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess. Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

52. gr.

Bæjarráð: Fjármálastjórn og fullnaðarafgreiðsla.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins, fjármálastjórn og starfsmannastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóds og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutadeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóds séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, eins og sveitarstjórnarlög mæla fyrir um. Undir bæjarráð heyra málefni vatnsveitu, vegamál, holræsamál, fasteignamál, brunamál sem og önnur mál sem ekki eru falin sérstökum nefndum/ráðum í samþykkt þessari eða ályktunum bæjarstjórnar. Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóds eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Heimilt er að bóka afgreiðslu slíkra mála í sérstaka trúnaðarbók

ef um er að ræða viðkvæm persónuleg málefni. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda. Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

53. gr.

Starfsmenn á fundi bæjarráðs.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

54. gr.

Kjör formanna og varaformanna nefnda og ráða.

Bæjarstjórn kýs nefndum/ráðum formann og varaformann, en nefndin/ráðið kýs sér ritara á fyrsta fundi sínum. Formaður nefndar/ráðs boðar eða lætur boða fundi í nefnd/ráði með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

55. gr.

Fundarseta.

Nefndarmanni/ráðsfulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd/ráði forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni/ráðinu. Þegar aðalmaður í nefnd/ráði flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalman að nýju. Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndar-kosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

56. gr.

Lokaðir fundir.

Fundir í ráðum og nefndum skulu haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd/ráð getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefnd/ráð boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

57. gr.

Fundarstjórn.

Formaður nefndar/ráðs stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarins eftir því sem við á.

58. gr.

Hlutverk og valdsvið ráða, stjórna og nefnda.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar. Bæjarstjórn getur falið nefnd/ráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

59. gr.

Fundargerðabækur.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar/ráðs skal færa fundargerð í gerðabók. Nefndin/ráðið getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar/ráðs. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn/ráðsfulltrúar undirrita hana.

60. gr.

Afgreiðsla fundargerða nefnda, ráða og stjórna.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum/ráðsfundum. Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld skal ætíð lögð fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

61. gr.

Nefndir, ráð, stjórnir, embættismenn: Tilnefningar og kosningar.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

- (i) **Nefndir.** Hér er um að ræða fagnefndir, sem sinna faglegu starfi þeirra málaflokka, sem þeim hafa verið falin af bæjarstjórn með erindisbréfum.
1. *Bæjarráð.* Bæjarstjórn kýs fimm bæjarfulltrúa og fimm til vara í bæjarráð skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga. Eingöngu bæjarfulltrúar eru kjörgengir í bæjarráð. Bæjarráð er kosið árlega. Kjósa skal í bæjarráð fyrst á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan árlega í júní ár hvert. Heimilt er að gefa þeim listum sem ekki fá kjörinn fulltrúa í bæjarráð kost á að tilnefna sinn fulltrúa og skal hann hafa málfrelsi og tilögurétt. Kveðið er á um verkefni bæjarráðs í 52. gr. samþykktar þessarar en auk þeirra verkefna sem þar er kveðið á um hefur bæjarráð með höndum vinabæjarsamskipti og ferða- og kynningarmál. Bæjarráð fer með verkefni samstarfsnefndar þjónustusvæðis SSA, rekstur Egilsbúðar, Valhallar, Félagslundar, Eskju og veitna eða tilnefnir fulltrúa á fundi eftir því sem við á hverju sinni.
 2. *Fræðslunefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í fræðslunefnd. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar þá hið sama og bæjarstjórnar. Fræðslunefnd fer með málefni leikskóla skv. leikskólalögum, grunnskóla skv. grunnskólalögum, tónlistarskóla skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og samstarfssamninga um rekstur hans hverju sinni og framhaldsskóla skv. ákvæðum framhaldsskólalaga og samstarfssamninga, sem um rekstur framhaldsskóla gilda hverju sinni. Nefndin fer með íþrótt- og æskulýðsmál í bæjarfélaginu. Auk verkefna sem fræðslunefnd hefur með höndum skv. lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
 3. *Félagsmálanefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í félagsmálanefnd, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Félagsmálanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar þá hið sama og bæjarstjórnar. Félagsmálanefnd fer með verkefni barnaverndarnefndar, jafnréttisnefndar, áfengisvararnefndar, húsnæðisnefndar, hefur umsjón með daggæslu í heimahúsum, hefur umsjón með framkvæmd laga um vernd barna og ungmenna, málefni fatlaðra og málefni aldraðra. Auk verkefna sem félagsmálanefnd hefur með höndum skv. lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum. Nefndin tilnefnir fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra í heilugæsluumdæminu, en þjónustuhópurinn sinnir jafnframt verkefnum öldrunarnefndar skv. lögum um málefni aldraðra. Nefndin tilnefnir fulltrúa bæjarfélagsins í rekstrarstjórn Breiðabliks, Hulduhlíðar og í stjórnir heilsugæslustöðva og sjúkrahúss skv. lögum og samningum þar um. Tilnefningar nefndarinnar eru háðar samþykki bæjarstjórnar.
 4. *Umhverfismálanefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í umhverfismálanefnd sem fer með verkefni byggingar- og skipulagsnefndar skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Umhverfismálanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar þá hið sama og bæjarstjórnar. Umhverfismálanefnd sinnir lögbund-

um verkefnum gróðurverndarnefndar skv. lögum um landgræðslu, náttúruverndarnefndar skv. náttúruverndarlögum og umferðarnefndar skv. umferðarlögum. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis um búfjárhald og landbúnaðarmál. Nefndin skal í störfum sínum huga að ferlimálum fatlaðra skv. lögum þar um. Auk verkefna sem umhverfismálanefnd hefur með höndum skv. lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.

5. *Hafnarnefnd*. Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í hafnarnefnd skv. lögum um hafnamál. Bæjarstjórn kýs hafnarnefnd formann og varaformann. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar þá hið sama og bæjarstjórnar. Auk verkefna sem hafnarnefnd hefur með höndum skv. lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
 6. *Menningarnefnd*. Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í menningarnefnd. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar þá hið sama og bæjarstjórnar. Menningarnefnd fer með málefni bókasafna skv. ákvæðum laga um almenningsbókasöfn. Einnig fer nefndin með málefni annarra safna skv. ákvæðum laga og samninga þar um. Þá tilnefnir nefndin í stjórn Héraðsskjalasafns, Náttúrustofu Austurlands, Sjóminjasafns og Stríðsárasafns. Tilnefningar nefndarinnar eru háðar samþykki bæjarstjórnar. Nefndin skal vera bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun gamalla húsa og fornra minja skv. þjóðminjalögum. Þá skal nefndin sinna málefnum söguritunar og menningarmálum í víðasta skilningi. Auk verkefna sem menningarnefnd hefur með höndum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með samþykktum og erindisbréfum.
 7. *Kjörstjórnir*. Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í yfirkjörstjórn. Ennfremur kýs bæjarstjórn undirkjörstjórnir jafnmargar og kjördeildir eru sem skipaðar eru þremur aðalmönnum og þremur varamönnum. Kjörstjórnir eru fyrst kosnar á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert. Kjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru falin skv. ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna og Alþingis.
- (ii) **Stjórnir og samstarfsráð**. Hér er um að ræða stjórnir stofnana með sjálfstæðan fjárhag og tilnefningar í samstarfsráð, sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e. þurfa ekki staðfestingu bæjarstjórnar til að koma málum í framkvæmd, innan ákveðins fjárhagslegs ramma. Kjörtímabil þeirra er samkvæmt samþykktum um stjórn viðkomandi stofnunar.
1. *Almannavarnanefnd*. Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða um skipan almannavarna kýs bæjarstjórn tvo aðal- og varafulltrúa í almannavarnanefnd á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
 2. *Stjórn Hulduhlíðar*. Eftir tilnefningu félagsmálanefndar kýs bæjarstjórn fimm aðal- og varafulltrúa í stjórn Hulduhlíðar.
 3. *Stjórn Náttúrustofu Austurlands*. Eftir tilnefningu menningarnefndar kýs bæjarstjórn tvo aðalfulltrúa og jafnmarga til vara í stjórn Náttúrustofu Austurlands skv. ákvæðum laga og reglugerða um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.
 4. *Starfskjaranefnd*. Bæjarstjórn kýs tvo aðalfulltrúa og jafnmarga til vara í starfskjaranefnd. Nefndin starfar skv. kjarasamningi við Starfsmannafélag Neskaupstaðar, 18. lið 2. gr.
 5. *Stjórn Sparisjóðs Norðfjarðar*. Samkvæmt ákvæðum laga um viðskiptabanka og sparisjóði kýs bæjarstjórn tvo aðalfulltrúa og jafnmarga til vara í stjórn Sparisjóðs Norðfjarðar.
 6. *Stjórn Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað*. Félagsmálanefnd tilnefnir þrjá aðalfulltrúa og þrjá til vara í stjórn Fjórðungssjúkrahúss Neskaupstaðar. Bæjarstjórn staðfestir tilnefningar nefndarinnar.

7. *Stjórn Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar*. Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um Lífeyrissjóð Neskaupstaðar kýs bæjarstjórn einn aðalfulltrúa og annan til vara í stjórn sjóðsins.
 8. *Rekstrarstjórn Breiðabliks*. Félagsmálanefnd tilnefnir tvo aðalfulltrúa og tvo til vara í rekstrarstjórn Breiðabliks og íbúar Breiðabliks kjósa einn aðalfulltrúa og einn til vara. Bæjarstjórn staðfestir tilnefningar nefndarinnar.
 9. *Stjórn heilsugæslustöðvar Eskifjarðarlæknishéraðs*. Félagsmálanefnd tilnefnir þrjú aðalmenn og jafnmarga varamenn í stjórn heilsugæslustöðvar Eskifjarðarlæknishéraðs. Bæjarstjórn staðfestir tilnefningar nefndarinnar.
- (iii) **Tilnefningar og kosningar.** Kosnir fulltrúar á ársþing og ársfundi stofnana, sem bærinn á aðild að. Kosning skal fara fram á fyrsta og öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert vegna þeirra tilnefninga sem gilda í eitt ár.
1. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Samkvæmt lögum um Samband íslenskra sveitarfélaga kýs bæjarstjórn aðal- og varafulltrúa á landsþing sambandsins. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra þá hið sama og bæjarstjórnar.
 2. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands*. Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra þá hið sama og bæjarstjórnar.
 3. *Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi*. Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa á aðalfund Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi skv. lögum sambandsins. Fulltrúar bæjarfélagsins eru fyrst kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert vegna næstkomandi aðalfundar.
 4. *Skíðamiðstöðin í Oddskarði*. Bæjarstjórn kýs 10 aðal- og varafulltrúa á aðalfund Skíðamiðstöðvarinnar í Oddskarði. Fulltrúar bæjarfélagsins eru fyrst kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert vegna næstkomandi aðalfundar.
- (iv) **Lögbundin kosning embættismanna.** Samkvæmt lögum ber bæjarstjórn að kjósa eftirtalda embættismenn:
1. Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga. Bæjarstjórn kýs tvo skoðunarmenn og jafnmarga til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga. Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga eru kosnir á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar til loka kjörtímabils bæjarstjórnar.
 2. Búfjárefntirlitsmaður. Bæjarstjórn kýs einn búfjárefntirlitsmann og annan til vara skv. lögum um búfjárhald. Búfjárefntirlitsmaður er kosinn á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hans þá hið sama og bæjarstjórnar.
- (v) **Verkefnabundnar nefndir.** Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar. Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Bæjarstjórn útbýr erindisbréf fyrir nefndirnar þar sem hlutverk og staða þeirra er skilgreind.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

62. gr.

Ráðning bæjarstjóra.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

63. gr.

Hlutverk bæjarstjóra.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda, sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar/bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum ráða bæjarins með sömu réttindum. Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað. Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs, hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar hans. Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfslíðs bæjarins. Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans nema bæjarstjórn feli það öðrum.

64. gr.

Ráðning stjórnenda.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn í helstu stjórnunarstöður, s.s. yfirmenn stofnana og deilda bæjarins og veitir þeim lausn frá störfum.

65. gr.

Ráðning annarra starfsmanna.

Viðkomandi ráð og nefndir ráða aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 64. gr. að fenginni umsögn forstöðumanns, nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

66. gr.

Fastráðnir starfsmenn.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest svo og starfssvið þeirra. Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaga fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

67. gr.

Lausráðnir starfsmenn.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn sameinaðs sveitarfélags Eskifjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Reyðarfjarðarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. gr. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 29. júní 1998.

F. h. r.

Sturlaugur Tómasson.

Sesselja Árnadóttir.